

**237. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar,  
miðvikudaginn 14. ágúst 2019.**

Mættir:

Stjórnarmenn: Katrín Sigurjónsdóttir formaður, Hilda Jana Gísladóttir, Valtýr Hreiðarsson og Finnur Yngvi Kristinsson. Ásgeir Örn Blöndal boðaði forföll.

Starfsmenn: Sigmundur Einar Ófeigsson framkvæmdastjóri. Elva Gunnlaugsdóttir og Baldvin Valdemarsson rituðu fundargerð.

---

Formaður setti fundinn kl. 15.00 og bauð fundarmenn velkomna.

**1. Eyfirska efnahagssvæðið**

Kynnt var ný skýrsla sem unnin var í samvinnu við RHA. Jón Þorvaldur Heiðarsson mætti á fundinn undir þessum lið og fór yfir helstu niðurstöður og áhugaverðar upplýsingar. Niðurstöður skýrslunnar verða nánar kynntar sveitarfélögum á haustfundi.

**2. Staðan á sameiningarviðræðum Eyþings og atvinnuþróunarfélaganna**

Katrín Sigurjónsdóttir stjórnarformaður og Hilda Jana Gísladóttir, en þær sitja í stýrihóp verkefnisins, greindu frá stöðu viðræðna og sögðu frá stórum fundi með Strategíu, fulltrúaráði og stjórn Eyþings og AP og starfsmönnum félaganna, sem haldinn var á Húsavík í gær. Fram kom að fundurinn var mjög jákvæður og vel heppnaður. Næstu skref verða hjá stýrihópnum og Strategíu að vinna úr efni fundarins.

**3. Byggðaðpróun, flutningar stofnana á landsbyggðir**

Farið yfir nýjar tölur um byggðaðpróun, flutning ríkisstofnana og störf án staðsetningar. Starfsmenn AFE munu skoða hvar helstu möguleikar liggja, varðandi flutning opinberra starfa og skila fyrstu niðurstöðum á haustfundi.

**4. Kynnisferð vegna byggðaðpróunar**

Rætt um kynnisferð til Noregs. Stefnt á heimsóknir til stofnana tengdum byggðamálum, fiskeldi, verkefnum sveitarfélaga og eftirlitsstofnana. Reiknað er með þátttöku allra sveitarfélaga við fjörðinn. Æskileg tímasetning er í janúar. Starfsmenn vinna málið áfram.

**5. Haustfundur AFE**

Haustfundur AFE er fyrirhugaður 18. september n.k. og að hann verði haldinn í Háskólanum á Akureyri. Fyrir hádegi er reiknað með dagskrá haustfundir skv. samþykktum félagsins. Einnig kynning hjá Jóni Þorvaldi Heiðarssyni um skýrsluna „Eyfirska efnahagssvæðið“. Eftir hádegi verður efnt til opins málþings, í samstarfi við RHA, um greiningu á menntunarpörf fyrir svæðið.

**6. Tilnefning stjórnarmanns í Vistorku ehf.**

Norðurorka hefur óskað eftir að stjórn AFE tilnefni stjórnarmann í Vistorku ehf. Aðalfundur er áætlaður seinnipartinn í þessum mánuði. Stjórnin samþykkir að tilnefna Sigmund Einar Ófeigsson

framkvæmdastjóra AFE. Honum er jafnframt falið að ræða uppbyggingu lífmassavers í Eyjafirði innan þess vettvangs.

## 7. Önnur mál

Framkvæmdastjóri greindi frá framgangi hugmynda og vinnu í samstarfi við Matís um að setja upp tæknivettvang, í matvælaíðnaði, í samvinnu við hagsmunaaðila í Eyjafirði.

Stjórnin fagnar þeim áföngum sem þegar hafa náðst og lýsir yfir miklum væntingum til framhalds málsins.

Þá var rætt um og farið yfir málefni Akureyrarflugvallar og nýjustu vendingar varðandi innanlands- og alþjóðaflug. Einnig drög að Grænbók um flugstefnu sem nú er inn á samráðsgátt stjórnvalda. Stjórnin felur starfsmönnum að gera tillögu að umsögn sem senda á í samráðsgátt stjórnvalda í samræmi við umræður á fundinum.

Framkvæmdastjóri greindi frá síðasta stjórnarfundum Aurora Observatory.

Fleira ekki fært til bókar.

Fundi slitið kl. 18:10

Katrín Siguþórunn  
Hildur Jóna Þrastardóttir  
Páll  
Sigrún Þey